


**Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma á fyrri ársþhelmingi 2023**

| <b>Rekstur</b>                                | Samstæða<br><b>2023</b> | Samstæða<br><b>2022</b> | Samstæða<br><b>2021</b> | Samstæða<br><b>2020</b> | Samstæða<br><b>2019</b> |
|---|-------------------------|-------------------------|-------------------------|-------------------------|-------------------------|
| Fjárhæðir í m.kr.                             | jan-jún                 | jan-jún                 | jan-jún                 | jan-jún                 | jan-jún                 |
| Rekstrartekjur .....                          | 9.001,1                 | 8.241,5                 | 6.562,8                 | 6.012,7                 | 6.008,7                 |
| Aðrar tekjur .....                            | 120,1                   | 42,7                    | 48,5                    | 44,3                    | 159,6                   |
| Vöru- og umbúðanotkun .....                   | (4.878,0)               | (4.469,5)               | (3.479,2)               | (3.133,0)               | (3.109,7)               |
| Laun og launatengd gjöld .....                | (1.960,2)               | (1.754,4)               | (1.632,2)               | (1.647,1)               | (1.635,3)               |
| Annar rekstrarkostnaður .....                 | (1.215,5)               | (1.102,8)               | (961,3)                 | (978,9)                 | (1.017,2)               |
| Afskriftir fastafjármuna .....                | (263,8)                 | (239,5)                 | (239,2)                 | (243,5)                 | (235,2)                 |
| <b>Rekstrarhagnaður</b>                       | <b>803,7</b>            | <b>718,0</b>            | <b>299,4</b>            | <b>54,5</b>             | <b>170,9</b>            |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....      | (164,7)                 | (180,5)                 | (142,5)                 | (87,6)                  | (109,0)                 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....    | 15,0                    | 2,8                     | 3,3                     | 3,3                     | 0,0                     |
| <b>Hagnaður(tap) tímabils fyrir skatta</b>    | <b>654,0</b>            | <b>540,3</b>            | <b>160,2</b>            | <b>(29,8)</b>           | <b>61,9</b>             |
| Tekjuskattur .....                            | (122,3)                 | (103,2)                 | (31,3)                  | 8,7                     | (4,5)                   |
| <b>Hagnaður(tap) tímabilsins</b>              | <b>531,7</b>            | <b>437,1</b>            | <b>128,9</b>            | <b>(21,1)</b>           | <b>57,4</b>             |
| <b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b> | <b>1.062,4</b>          | <b>951,3</b>            | <b>522,8</b>            | <b>297,1</b>            | <b>397,7</b>            |
| <b>Efnahagur</b>                              | <b>30.06.23</b>         | <b>30.06.22</b>         | <b>30.06.21</b>         | <b>30.06.20</b>         | <b>30.06.19</b>         |
| Fjárhæðir í m.kr.                             |                         |                         |                         |                         |                         |
| Fastafjármunir .....                          | 7.717,7                 | 6.590,9                 | 6.536,0                 | 6.729,6                 | 6.789,1                 |
| Veltufjármunir .....                          | 5.297,1                 | 4.740,4                 | 4.236,4                 | 3.396,4                 | 3.428,4                 |
| <b>Eignir</b>                                 | <b>13.014,8</b>         | <b>11.331,3</b>         | <b>10.772,4</b>         | <b>10.126,0</b>         | <b>10.217,5</b>         |
| <b>Eigið fé</b>                               | <b>7.081,5</b>          | <b>5.752,7</b>          | <b>5.219,2</b>          | <b>5.284,7</b>          | <b>5.310,8</b>          |
| Þar af A og B-deild stofnsjóðs .....          | 568,6                   | 543,9                   | 531,0                   | 538,0                   | 530,5                   |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar .....       | 4.135,7                 | 3.640,5                 | 3.653,9                 | 3.154,1                 | 3.126,8                 |
| Skammtímaskuldir .....                        | 1.797,6                 | 1.938,1                 | 1.899,3                 | 1.687,2                 | 1.779,9                 |
| <b>Skuldir</b>                                | <b>5.933,3</b>          | <b>5.578,6</b>          | <b>5.553,2</b>          | <b>4.841,3</b>          | <b>4.906,7</b>          |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>                    | <b>13.014,8</b>         | <b>11.331,3</b>         | <b>10.772,4</b>         | <b>10.126,0</b>         | <b>10.217,5</b>         |
| <b>Kennitölur</b>                             |                         |                         |                         |                         |                         |
| EBITDA .....                                  | 1.067,5                 | 957,5                   | 538,6                   | 298,0                   | 406,1                   |
| Innra virði .....                             | 12,5                    | 10,6                    | 9,8                     | 9,8                     | 10,0                    |
| Veltufjárhlutfall .....                       | 2,9                     | 2,4                     | 2,2                     | 2,0                     | 1,9                     |
| Eiginfjárhlutfall .....                       | 54%                     | 51%                     | 48%                     | 52%                     | 52%                     |



Reykjavík, 24. ágúst 2023.

Fréttatilkynning frá Sláturfélagi Suðurlands svf.

### Afkoma á fyrri árshelmingi 2023

- **Tekjur á fyrri árshelmingi 9.001 m.kr. og hækka um 9% milli ára**
- **532 m.kr. hagnaður á fyrri árshelmingi ársins en 437 m.kr. hagnaður árið áður**
- **EBITDA afkoma var 1.068 m.kr. en 958 m.kr. árið áður**
- **Eigið fé 7.082 m.kr. í lok júní og eiginfjárlutfall 54%**

Árshlutareikningurinn samanstendur af árshlutareikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélögum þess, Reykjararði hf. og Hollt og gott ehf.

Hagnaður samstæðu Sláturfélags Suðurlands á tímabilinu janúar til júní 2023 var 532 m.kr. Á sama tímabili árið áður var 437 m.kr. hagnaður. Eigið fé Sláturfélagsins er 7.082 m.kr. í lok júní.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 9.001 m.kr. á fyrri árshelmingi ársins 2023, en 8.242 m.kr. á sama tíma árið áður og hækka því um rúm 9%. Aðrar tekjur voru 120 m.kr. en 43 m.kr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 4.878 m.kr. en 4.470 m.kr. árið áður. Launakostnaður var 1.960 m.kr. og hækkaði um tæp 12%, annar rekstrarkostnaður var 1.216 m.kr. og hækkaði um rúm 10% og afskriftir voru 263 m.kr. og hækkuðu um rúm 10%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 804 m.kr., en 718 m.kr. árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) var 1.068 m.kr. en var 958 m.kr. á sama tíma í fyrra.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 165 m.kr., en voru 181 m.kr., á sama tímabili í fyrra. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var jákvæð um 15 m.kr. Reiknaður tekjuskattur nam 122 m.kr., en 103 m.kr. árið áður. Hagnaður af rekstri tímabilsins var 532 m.kr. en 437 m.kr. á sama tímabili árið áður.

Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta var 1.062 m.kr. á fyrri árshelmingi ársins 2023, samanborið við 951 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2022. Heildareignir Sláturfélagsins 30. júní voru 13.015 m.kr. og eiginfjárlutfall 54% en 51% árið áður. Veltufjárlutfall var 2,9 á fyrri hluta ársins 2023, en 2,4 árið áður.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum á fyrri árshelmingi 2023 fyrir 245 m.kr. en 331 m.kr. á sama tímabili árið áður. Fjárfest var í fasteignum fyrir 64 m.kr. og vélbúnaði og bifreiðum fyrir 181 m.kr.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2023 var í aprílmánuði greiddur 19,34% arður af B-deild stofnsjóðs alls 35 m.kr. og reiknaðir 7,5% vextir á A-deild stofnsjóðs alls 28 m.kr.

Stjórn og forstjóri staðfestu árshlutareikning samstæðu Sláturfélagsins fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2023 með undirritun á stjórnarfundi í dag. Árshlutareikningur samstæðunnar er með könnunaráritun endurskoðenda.

Árshlutareikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu SS: [www.ss.is](http://www.ss.is)

Sláturfélagið er skráð á First North markaðinn hjá NASDAQ. Sláturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti. Ráðgert er að birta afkomu ársins 2023 þann 15. febrúar 2024.

### Staða og horfur

Fjárhagsstaða Sláturfélagsins er traust með 54% eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall 2,9. Langtímaskuldir í lok júní 2023 voru 2.774 m.kr. Næsta árs afborganir eru um 95 m.kr. en lán samstæðunnar eru til mjög langs tíma. Lausafjárstaða félagsins er einnig góð en handbært fé var í lok júní 938 m.kr.

Afkoma Sláturfélagsins batnar milli ára um 95 m.kr. Velta samstæðunnar jókst á milli ára um 9% eða 760 m.kr. Jákvæð áhrif á veltu má m.a. rekja til aukningar á ferðamönnum, sterkari stöðu í sölu kjötvara, innflutningi matvæla og búrekstrarvara til bænda.



Nokkur óvissa er framundan sem getur haft neikvæð áhrif á rekstur samstæðunnar á seinni árs helmingi. Hækkanir á rekstrarvöru, bæði innlendri sem erlendri, hafa verið umtalsverðar á árinu en gert er ráð fyrir að það hægist á þeirri þróun. Gengisstyrking krónu hefur einnig haft jákvæð áhrif. Afurðaverð sauðfjár mun hins vegar taka hækkunum í haust og áhrif af kjarasamningum sem framundan eru geta orðið framleiðslufyrirtækjum þung.

Sala á lambakjöti hefur gengið vel á árinu og birgðastaða í upphafi sláturtíðar verður í sögulegu lágmarki. Aukinn innflutningur á kjöti hefur hins vegar neikvæð áhrif á afkomu afurðafélaga og dregur úr framleiðslu innanlands en 1,5% samdráttur var milli ára í kjötframleiðslu innanlands. Áfram verður unnið að því að aðlaga rekstur samstæðunnar að breyttu rekstrarumhverfi, m.a. með því að leggja áherslu á sérstöðu og gæði innlestrar framleiðslu.

Staða lykilvörumerkja félagsins í matvælaíðnaði er sterk og ímynd félagsins góð á markaði sem rennir stöðum undir frekari uppbyggingu á markaðsstöðu á komandi árum. Aukin vélvæðing og öflug vöruþróun hefur styrkt grundvöll félagsins sem leiðandi aðila á kjötmarkaði. Samt sem áður er reiknað með erfiðum aðstæðum á kjötmarkaði á næstu árum vegna hækkana á hrávöru til landbúnaðarframleiðslu og aukningu í innflutningi kjötvara en um 25% af nautgripa- og svínakjöti sem nú er selt á landsvísu er flutt inn.

Matvöruhloti innflutningsdeildar hefur styrkt stöðu sína á markaði með nýjum vöruflokkum sem ganga vel. Búvöruhloti innflutningsdeildar hefur byggst upp á undanförunum árum og er að þjónusta bændur með allar helstu rekstrarvörur. Áfram verða nýtt tækifæri til frekari vaxtar. Jákvætt er að verð á áburði til bænda á erlendum mörkuðum hefur lækkað frá fyrra ári. Samt sem áður er nokkur óvissa um verðþróun helstu rekstrarvara á næstu misserum sem getur haft neikvæð áhrif á framleiðslukostnað landbúnaðarvara.

#### **Fjárhagsdagatal**

|                  |                              |
|------------------|------------------------------|
| 15. febrúar 2024 | Ársuppgjör 2023              |
| 15. mars 2024    | Aðalfundur 2023              |
| 22. ágúst 2024   | Árshlutauppgjör jan-jún 2024 |
| 18. febrúar 2025 | Ársuppgjör 2024              |
| 21. mars 2025    | Aðalfundur vegna ársins 2024 |

Frekari upplýsingar veita:

Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000 – steinthor@ss.is

Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri í síma 575 6000 – hjalti@ss.is